

AUGLÝSING

um deiliskipulag Selsunds, frístundahúsasvæðis, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 4. september 2001 deiliskipulag Selsunds, frístundahúsasvæðis, í landi Selsunds.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem er við jaðar Selsundshrauns, sunnan og suðvestan við Selsundslæk sem rennur undan hrauninu skammt frá bænum Selsundi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 14 desember 2001.

F.h. hreppsnefndar,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.